

REGLUGERÐ

**um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2018.**

1. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2018 eru eftirfarandi og skulu þær renna í sérstaka deild innan sjóðsins:

- Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars er nemur 0,99%.
- Framlag úr ríkissjóði er nemur 0,235% af innheimtum skattekjum ríkissjóðs.
- Framlag úr ríkissjóði er nemur 356 m.kr. vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA).
- Framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna sölu og leigu eigna sem nýttar eru fyrir þjónustu við fatlað fólk.

Við skil á staðgreiðslu útsvars samkvæmt lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda skulu Jöfnunarsjóði gerð skil á sínum hluta skv. a-lið 1. mgr. Fjársýsla ríkisins skal sjá um útreikning á tekjum þessum og skipta innheimtri staðgreiðslu hvers mánaðar milli ríkis, sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs. Tekjur sjóðsins skulu reiknaðar af þeim stofni sem staðgreiðsla hvers mánaðar er greidd af.

Ennfremur skal Fjársýsla ríkisins við álagningu sjá um útreikning á hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvari af þeim tekjum sem skattlagðar eru eftir á. Fjársýsla ríkisins skal í uppgjöri staðgreiðslu sveitarfélaga við álagningu útsvars, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, taka tillit til hlutdeilda Jöfnunarsjóðs og gera sjóðnum skil á henni.

Til viðbótar þeim tekjum Jöfnunarsjóðs á árinu 2018, sem tilgreindar eru í 1. mgr., eru til ráðstöfunar á árinu óráðstöfuð framlög frá fyrra ári vegna NPA.

2. gr.

Framlög.

Jöfnunarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk skiptast á árinu 2018 í:

- Almenn framlög til þjónustusvæða og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk, sbr. 3. gr.
- Önnur framlög, sbr. 4. gr.
- Framlög vegna NPA, sbr. 5. gr.
- Framlög í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Til viðbótar framlögum skv. 1. mgr. er heimilt að veita sérstök viðbótarframlög til svæða ef um verulega íþyngjandi kostnað umfram tekjur er að ræða. Ráðgjafarnefnd setur sérstakar verklagsreglur um úthlutun viðbótarframlaga.

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk eru óháð öðrum framlögum sjóðsins.

Jöfnunarsjóður sendir þjónustusvæðum/sveitarfélögum upplýsingar um áætluð framlög ársins 2018 og greiðsludreifingu þeirra eftir því sem við verður komið. Framlög skulu greidd mánaðarlega. Framlög skulu endurskoðuð innan ársins í samræmi við breytingar á áætluðum tekjum sjóðsins, sbr. 1. gr. og á grundvelli nýrra upplýsinga frá þjónustusvæðum/sveitarfélögum.

3. gr.

Almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2018.

I. hluti: Skipting ráðstöfunarfármagns.

Áætluðum ráðstöfunartekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2018, að frádegnum framlagi í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, framlögum vegna NPA, sérstökum viðbótarframlögum og öðrum framlögum, sbr. b-d-lið 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr., skal skipta milli sveitarfélaga sem mynda þjónustusvæði með eftirfarandi hætti:

- a. 88% skiptast hlutfallslega miðað við niðurstöðu mælinga á útgjaldabörf, sbr. II. hluta þessarar greinar.
- b. 10,75% skiptast hlutfallslega miðað við áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga 2018.
- c. 1,25% skiptist hlutfallslega miðað við fjarlægðir innan þjónustusvæða og að teknu tilliti til fjölda sveitarfélaga innan svæða.

Áætluð framlög ársins 2018 eru reiknuð út á grundvelli framlaga ársins 2017 að teknu tilliti til endanlegs álagningarástofns útsvars á árinu 2016 og endurskoðaðrar áætlunar um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2018. Framlöginn skulu síðan endurreiknuð sem hér segir:

1. Í maí 2018 á grundvelli viðbótarupplýsinga frá þjónustusvæðum/sveitarfélögum, sbr. 1. lið 6. mgr. II. hluta.
2. Í nóvember 2018, sbr. 2., 3. og 4. lið 6. mgr. II. hluta.
3. Við greiðslu framlaga á árinu 2018 fer jafnframt fram leiðréttung framlaga ársins 2016 á grundvelli endanlegs álagningarástofns útsvars 2016.

Útreiknuð framlög ársins 2018 skal leiðréttu þegar endanlegur álagningarástofn útsvars ársins 2018 liggur fyrir. Upplýsingar um leiðréttið skulu liggja fyrir eigi síðar en 31. desember 2019 og skal leiðréttung framlaga til hvers þjónustusvæðis eða sveitarfélags koma til frádráttar/viðbótar almennum framlögum Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2020. Reynist áætlun ársins 2020 lægri en frádráttur vegna ársins 2018 er heimilt að innheimta mismuninn af öðrum framlögum Jöfnunarsjóðs.

II. hluti: Mæling á útgjaldabörf.

Við mælingu á útgjaldabörf vegna þjónustu við fatlað fólk, sbr. a-lið 1. mgr. I. hluta, skal byggst á þeim upplýsingum um kostnað og stuðningsþörf einstaklinga í sérhæfðri þjónustu sem lagðar voru til grundvallar við útreikning framlaga á árinu 2017.

Við mælinguna skal greina fylgni flokka stuðningsþarf, sbr. 6. gr., og kostnaðar á einstakling til að ákvæða viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern flokk stuðningsþarf. Ef ekki liggur fyrir mat á stuðningsþörf er heimilt að reikna gildi sem samsvarar flokkum matsins á grundvelli eldra mats. Heimilt er að reikna álag á ákveðna flokka á grundvelli sérstakrar stuðningsþarf vegna hegðunar. Ennfremur er heimilt að reikna álag vegna einstaklinga með óvenjulega samsetningu stuðningsþarf.

Útgjaldabörf skal mæld með eftirfarandi aðferðum:

- a. Reikna skal útgjaldabörf á grundvelli viðmiðunarfjárhæða fyrir hvern flokk stuðningsþarf vegna allra einstaklinga sem falla í 5. flokk samræmds mats á þjónustubörf eða ofar.
- b. Prátt fyrir ákvæði a-liðar skal reikna útgjaldabörf vegna einstaklinga í flokki 5 og ofar á grundvelli raunkostnaðar, ef raunkostnaður og áætlaður viðbótarkostnaður vegna ársins 2018 er lægri en 12,5% af einingakostnaði viðkomandi flokks. Ekki reiknast útgjaldabörf vegna fasteignakostnaðar, sbr. d-lið vegna einstaklinga sem falla undir þetta ákvæði.
- c. Reikna skal útgjaldabörf vegna barna sem ekki hafa mat á þjónustubörf á grundvelli raunkostnaðar sé hann jafn hár eða hærri en einingakostnaður 5. flokks.
- d. Reikna skal útgjaldabörf vegna fasteignakostnaðar fyrir alla einstaklinga sem falla í 5. flokk matsins eða ofar og er hann innifalinn í einingakostnaði viðkomandi flokka.
- e. Reikna skal útgjaldabörf vegna áætlaðs viðbótarkostnaðar árið 2018 vegna einstaklinga sem ekki hafa mat á þjónustubörf og skal útreikningur fara fram þegar kostnaður samsvarar einingakostnaði fjórða flokks.
- f. Reikna skal sérstakt álag á samtölu liða a-e vegna útgjalda við umsýslu fjármála, starfsmannamála og annarra skyldra rekstrarverkefna.
- g. Reikna skal sérstakt álag á samtölu liða a-e vegna útgjalda af ráðgjöf og samhæfingu þjónustu.
- h. Samtala liða a-g myndar grunn að hlutfallslegri skiptingu fjármuna á grundvelli mældrar útgjaldabörf, sbr. a-lið 1. mgr. I. hluta þessarar greinar.

Við mat á útgjaldabörf sveitarfélaga/þjónustusvæða skal taka tillit til fjarlægða innan svæðisins þar sem fleiri en eitt sveitarfélag mynda þjónustusvæðið og fjöldu þeirra. Einvörðungu er tekið tillit til sveitarfélaga þar sem um umtalsverða þjónustu er að ræða í málaflokknum og veitt eru framlög úr Jöfnunarsjóði.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal senda þjónustusvæðum/sveitarfélögum gögn sem sýna kostnað skv. hverjum flokki matsins sem og upplýsingar um niðurstöður útreikninga einstakra þáttu framlagsins.

Við mælingu á útgjaldabörf skv. framangreindu vegna úthlutunar framlaga árið 2018 skal jafnframt taka tillit til eftirfarandi þáttu á grundvelli viðbótarupplýsinga frá þjónustusvæðum/sveitarfélögum:

1. Uppfæra skal upplýsingar um lögheimili einstaklinga í þjónustu með tilliti til flutnings þeirra milli þjónustusvæða/sveitarfélaga. Við útreikning framlaga 2018 skal miðað við lögheimili einstaklings 1. janúar 2018.
2. Framkvæma skal samræmt mat á þjónustubörf einstaklinga sem ekki höfðu náð 18 ára aldri við útreikning framlaganna árið 2017 en hafa náð 18 ára aldri 1. janúar 2018 sé raunkostnaður jafn hár eða hærri en einingakostnaður 5. flokks.
3. Ennfremur skal safna upplýsingum um einstaklinga í þjónustu með viðbótarkostnaði á árinu 2018 sem samsvarar kostnaði að fjárhæð 5 m.kr.
4. Framkvæma skal á árinu samræmt mat á stuðningsþörf fatlaðra barna á aldrinum 6-18 ára ásamt mati á stuðningsþörf fullorðinna vegna nýliðunar sbr. 6. gr.

Þegar um tímabundna búferlaflutninga einstaklinga í þjónustu er að ræða, er þjónustusvæðum heimilt að semja sín á milli um að framlög Jöfnunarsjóðs vegna þeirra einstaklinga, skv. III. hluta, flytjist milli þjónustusvæða enda þótt lögheimili viðkomandi haldist óbreytt. Slíkir samningar hafa ekki áhrif á jöfnunarframlög samkvæmt þessari reglugerð. Samband íslenskra sveitarfélaga getur gefið út leiðbeinandi viðmið um samninga sem þjónustusvæði gera sín á milli.

III. hluti: Útreikningur framlaga.

Framlög til einstakra þjónustusvæða eða sveitarfélaga skulu reiknuð út sem hér segir:

1. Þegar niðurstaða liggur fyrir skv. a-, b- og c-liðum í 1. mgr. I. hluta, skal á grunni áætlaðs útsvarsstofns ársins 2018 reikna út útsvarstekjur sem samsvara 0,25% af útsvarsstofni og sem renna skulu beint til þjónustu við fatlað fólk innan viðkomandi þjónustusvæðis.
2. Finna skal mismun mældrar heildarútgjaldabarfars hvers þjónustusvæðis eða sveitarfélags skv. II. hluta og áætlaðra útsvarstekna skv. 1. tölulið.
3. Sé mæld útgjaldabörf sveitarfélaga, sem mynda þjónustusvæði, hærri en sem nemur útsvarstekjum af 0,25% hlutdeild þeirra í útsvarsstofni er mismunurinn greiddur sem almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk.

4. gr.

Önnur framlög.

Á árinu 2018 greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlag til Sambands íslenskra sveitarfélaga sem nemur 0,14% af tekjum sjóðsins skv. a-lið 1. mgr. 1. gr. vegna kostnaðar Sambandsins við verkfni er tengjast þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk á árinu.

Jöfnunarsjóði er jafnframt heimilt að ráðstafa fjármagni á árinu 2018 á eftirfarandi hátt:

1. Til einstakra verkefna, nýsköpunar eða þróunarvinnu sem nýtist þjónustusvæðum/sveitarfélögum og þjónustusvæðum til framþróunar í málaflokknum.
2. Til greiðslu kostnaðar vegna eftirfarandi þáttu:
 - a. Upplýsingasöfnunar, greiningar og ráðgjafar.
 - b. Samræmdu mats á stuðningsþörf á landsvísu.
 - c. Útfærslu jöfnunaraðgerða og fasteignamála.

Ráðgjafarnefnd setur nánari verklagsreglur um úthlutun slíkra framlaga og gerir tillögu til ráðherra um úthlutun framlaga á grundvelli 1. gr.

5. gr.

Framlög vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA).

Við tillögugerð ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að úthlutun framlaga til NPA skal taka mið af áætlun verkefnisstjórnar NPA.

6. gr.

Mat á stuðningsþörf.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur forgöngu um samræmt mat á stuðningsþörf á landsvísu, semur við matsaðila um framkvæmd matsins og ber kostnað af því. Heimilt er að ákveða að greiðsla kostnaðar takmarkist við mat á tilteknum fjölda einstaklinga.

Þjónustusvæði og sveitarfélög fela matsaðila skv. 1. mgr. framkvæmd matsins á grundvelli ákvæða laga um málefni fatlaðs fólks og er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga heimilt að krefja matsaðila, þjónustusvæði og sveitarfélög um niðurstöður slíks mats.

Jöfnunarsjóður setur verklagsreglur um mat á stuðningsþörf, sem m.a. kveða á um hlutverk og verkefni einstakra aðila sem koma að matsferlinu. Heimilt er að skipa sérstaka ráðgefandi vinnuhópa til að fylla um álitaefni varðandi niðurstöður matsins. Álit slíksra hópa fela ekki í sér stjórnvalds-ákvárdanir.

7. gr.

Staðfesting.

Tillögur ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um úthlutanir framlaga á grundvelli þessarar reglugerðar skulu hljóta staðfestingu ráðherra. Við setningu verklagsreglna skal hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga.

8. gr.

Gildistaka og endurskoðun.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 13. gr. a. og 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2017, nr. 635/2017.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 12. mars 2018.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 27. mars 2018